



# Íslandsmót / Íslandsmeistaramót ÍSS 2021

19. – 21. nóvember

**Mótshaldari:** Skautasamband Íslands og Skautafélag Reykjavíkur Listskautadeild  
**Staðsetning móts:** Skautahöllin í Laugardal  
**Mótsstjórar:** Þóra Sigríður Torfadóttir & Margrét Ösp Stefánsdóttir  
**Aðstoðarmótsstjóri:** Anna Gígja Kristjánsdóttir

## Keppnisflokkar

Chicks	Intermediate Women
Cubs	Advanced Novice
Basic Novice	Junior Women
Intermediate Novice	Senior Women

### Keppnisreglur sem notaðar verða:

Keppnisreglur eru eftir almennum reglum ISU og útgefnum reglum ÍSS (Keppnisreglur ÍSS). Grunnpróf gilda í öllum flokkum til þátttöku á ÍSS mótum. Mótið er hluti Bikarmótaraðar ÍSS 2021-2022.

### Dómarakerfi sem notuð verða:

Kerfi A  Kerfi B  Kerfi C  Kerfi D  Kerfi E

## Skráning og skil gagna

### Félag sendir inn tilkynningu um liðsstjóra:

Félag þarf að senda inn tilkynningu um liðsstjóra í seinasta lagi viku fyrir mót, 12. nóvember. Liðsstjórar hvers félags mega vera allt að tveir.

Eingöngu skráðir liðsstjórar hafa leyfi til þess að fara inn á keppnissvæði. Einn liðsstjóri er leyfður á keppnissvæði í einu.

Upplýsingar um liðsstjóra sendist á [events@iceskate.is](mailto:events@iceskate.is)

Athugið að senda þarf bæði *nöfn og símanúmer*.

### Þjálfarar

Félag þarf að senda inn tilkynningu um starfandi þjálfara á mótinu í seinasta lagi viku fyrir mót, 12. nóvember. Eingöngu skráðir þjálfarar hafa leyfi til þess að fara inn á keppnissvæði mótsins.

Upplýsingar um þjálfara sendast á [events@iceskate.is](mailto:events@iceskate.is)

### Skráning keppenda:

Keppendur skrá þátttöku í gegnum Sportabler [www.sportabler.com/shop/iceskate](http://www.sportabler.com/shop/iceskate).

Skráning opnar í Sportabler kl.16:00 fimmtudaginn 21. október.

Skráningarfrestur er til kl. 23.59 þann 3. nóvember. Hægt er að skrá á keppni og opnar æfingar samtímis.

Skráning á æfingar fer fram í gegnum Sportabler. Skráningarfrestur á æfingar er til kl.23.59 þann 17. nóvember.

**Seinskráning:** Boðið er upp á seinskráningu eftir að venjubundinn skráningarfrestur er liðinn. Seinskráningargjald er tvöfalt keppnisgjald og opnast seinskráningarmöguleiki í Sportabler eftir að venjubundinn skráningarfrestur er liðinn einungis fyrir þá sem ekki eru þegar skráðir. Síðasti möguleiki á seinskráningu er kl. 23.59 þann 10. nóvember. Ekki er hægt að skrá eftir að seinskráningarfrestur er liðinn.

**ATHUGIÐ! Ef hætta verður við mótið vegna aðgerða almannavarna vegna Covid19 verða mótsgjöld endurgreidd.**

### Official Practice:

Keppendur á Íslandsmeistaramóti, ISU flokkar (Advanced Novice, Junior og Senior) eru sjálfkrafa skráðir á Official Practice án endurgjalds. Æfingar fara fram að morgni keppnisdags.

Aðrir keppnisflokkar geta skráð sig á opnar æfingar gegn greiðslu.

**Innihaldslýsingar:**

Innihaldslýsingum skal skila á [events@iceskate.is](mailto:events@iceskate.is) ekki seinna en 10. nóvember. Skila þarf inn innihaldslýsingum fyrir alla keppendur sem keppa í fyrsta sinn á tímabilinu eða eru með breytt keppnisprógram.

Félag viðkomandi keppanda skilar innihaldslýsingum á þar til gerðu eyðublaði.

**Tónlist:**

Tónlist keppenda skal senda rafrænt á **mp3** formati á [events@iceskate.is](mailto:events@iceskate.is). Ekki er hægt að taka við tónlist á öðru formati. Skilafrestur er til 10. nóvember.

Skila þarf inn tónlist fyrir alla keppendur sem keppa í fyrsta sinn á tímabilinu eða eru með breytta tónlist. Félag keppenda sendir tónlist til ÍSS. Keppendur skulu vera með afrit af tónlist sinni á keppnisdag á USB lykli.

**Keppnisgjöld:**

Keppnisgjöld skulu greiddast við skráningu á mótið og er tekið á móti greiðslu í gegnum Sportabler.

Keppnisgjald er:

4.600 kr. fyrir eitt prógram (9.200 kr. á seinskráningu).

7.100 kr. fyrir tvö prógröm (14.200 kr. á seinskráningu).

Forfallist keppandi fæst helmingur keppnisgjalda endurgreiddur sé þess óskað, áður en æfingar hefjast á föstudegi.

Beiðni um endurgreiðslu sendist á [events@iceskate.is](mailto:events@iceskate.is)

Endurgreiðsla tekur mið af upprunalegri upphæð keppnisgjalda (4.600 kr./7.100 kr.).

Beiðni sem berst eftir að æfingar hefjast fær ekki afgreiðslu.

Æfingagjald er 1.000 kr. fyrir hverja æfingu. Tekið er á móti greiðslu fyrir æfingar í gegnum Sportabler. Æfingagjöld fást ekki endurgreidd.

**Dómaragjöld:**

Dómaragjald hvers félags er 62.000 kr.

Dómaragjald hvers keppanda er 1.900 kr. Félag greiðir gjald sinna keppenda.

Dómaragjöld verða innheimt með greiðsluseðli.

## Upplýsingar um mót

### Birting keppendalista:

Keppendalisti verður birtur á heimasíðu ÍSS [www.iceskate.is](http://www.iceskate.is) eftir að frumskráningu er lokað og uppfærð eftir því sem tilefni gefur til.

### Úrdráttur:

Dregið verður í keppnisröð á skrifstofu ÍSS þann 18. nóvember og keppnisröð birt á heimasíðu ÍSS [www.iceskate.is](http://www.iceskate.is).

### Birting úrslita:

Úrslit verða birt á heimasíðu ÍSS [www.iceskate.is](http://www.iceskate.is). Úrslit í flokkum Chicks og Cubs verða ekki birt. Prótokol keppenda Chicks og Cubs verða prentuð út af yfirdómara og afhent þjálfara hvers félags í lok móts.

**Verðlaun og þátttökuviðurkenningar:** Veitt verða verðlaun fyrir 1., 2. og 3. sæti í keppnisflokkum; Senior, Junior, Advanced novice, Intermediate Women, Intermediate novice og Basic novice.

Veittar verða þátttökuviðurkenningar í flokkum Chicks og Cubs.

### Drög að dagskrá:

#### Föstudagur 19. nóvember

Kl. 17:30 Opin æfing

Kl. 18:00 Opin æfing

#### Laugardagur 20. nóvember

Kl. 08:00 Official Practice

Kl.10:30 Keppni hefst

Kl. 17:00 Opnar æfingar

#### Sunnudagur 21. nóvember

Kl. 08:00 Official Practice

Kl. 10:30 keppni hefst

Athugið: Dagskrá er birt með fyrirvara um breytingar.

**Forföll:**

Forföll skal tilkynna til mótstjóra á [events@iceskate.is](mailto:events@iceskate.is) og aðstoðarmótstjóra á [motsstjori.lsr@gmail.com](mailto:motsstjori.lsr@gmail.com).

**Persónuverndarákvæði (GDPR)**

*Með skráningu á mótið gerir skautari og/eða forráðamaður sér grein fyrir því að upplýsingar um gengi skautara á mótinu eru gerðar opinberar og geymdar hjá Skautasambandi Íslands. Þá gerir skautari/forráðamaður sér grein fyrir að teknar eru ljósmyndir af skauturum á mótinu og þær birtar opinberlega og mögulega í fjölmiðlum.*

**Fyrir hönd mótshaldara:**

Mótstjórar: Þóra Sigríður Torfadóttir & Margrét Ösp Stefánsdóttir

Dags: 15.10.2021

Netfang: [events@iceskate.is](mailto:events@iceskate.is)